

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 531 23. desember 1975 um dómsmálagjöld o. fl.****1. gr.**

1. mgr. 9. gr. orðist svo:

Í öllum þeim búum, sem skiptaráðandi eða skiptaforstjóri án dómsvalds fer með, skal greiða skiptagjald $1\frac{1}{2}\%$ af öllum eignum búans — þar með talin búshelft maka — án tillits til skulda er á því hvíla.

2. gr.

1. mgr. 21. gr. orðist svo:

Fyrir að þinglýsa skjölum, sem eru eignarheimild fyrir eða leggja haft á fasteignir, skip eða lausafé, skal gjalda í hlutfalli við fjárhæð þá, er skjalið hljóðar um, eins og hér segir: Þegar fjárhæðin er 100 000 kr. eða minni 2 000 kr. og síðan 500 kr. fyrir hver hundrað þúsund eða brot úr þeirri fjárhæð sem umfram er. Skráningargjald fyrir kaupmála skal þó vera 150 kr. af hverjum hundrað þúsundum og broti af þeirri fjárhæð umfram fyrstu 100 000 kr. Af afsölum fyrir fasteignum skal gjaldið þó vera 75 kr. af hverjum hundrað þúsundum og broti af þeirri fjárhæð umfram fyrstu 100 000 kr. Fyrir þinglýsingu skjala með veði í framleiðsluvörum sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar skal greiða 240 kr. fyrir hver hundrað þúsund eða brot af þeirri fjárhæð umfram fyrstu 100 000 kr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 79 23. desember 1975, um aukatekjur ríkissjóðs, sbr. lög nr. 103 27. desember 1976, öðlast gildi 31. desember 1976.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. desember 1976.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

31. desember 1976.

Nr. 431.

REGLUGERÐ**um innflutningsgjald af bifreiðum og bifhjólum.****1. gr.**

Við tollafgreiðslu skal innheimta innflutningsgjald af bifreiðum og bifhjólum. Gjaldið skal innheimt af öllum bifreiðum og bifhjólum að undanskildum ökutækjum í eftirtöldum tollskrárnúmerum:

- 87.02.12 Snjóbifreiðar.
- 87.02.43 Sjúkrabifreiðar.
- 87.03.01 Slókkviliðsbifreiðar.
- 87.03.02 Snjóplógar.
- 87.03.03 Kranabifreiðar.
- 87.03.09 Aðrar bifreiðar til sérstakrar notkunar.
- 87.09.01 Bifhjól með sprengirými til og með 50 cm³.

Fella skal niður eða lækka innflutningsgjald af bifreiðum til öryrkja sem njóta tollvinnana. Um niðurfellingu eða lækkun gjaldsins skal farið svo sem fyrir er mælt í 4. og 5. másl. 1. mgr. 27. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl.

2. gr.

Gjald af gjaldskyldum bifreiðum og bifhjólum skal reikna af tollverði (cifverði) ökutækis, sbr. ákvæði 5.—7. gr. tollskrárlaga, og vera sem hér segir:

1. 25% af dráttarbifreiðum í tnr. 87.01.20, almenningsbifreiðum í tnr. 87.02.29 og vörubifreiðum með burðarþol 6 tonn og þar yfir í tnr. 87.02.31, 87.02.32, 87.02.35, 87.02.37 og 87.02.38.
2. 50% af öllum öðrum bifreiðum og bifhjólum.

3. gr.

Við tollafgreiðslu bifreiða til leigubifreiðastjóra, sendibifreiðastjóra og öku-kennara, sem hafa að aðalstarfi akstur allt að 8 farþega leigubifreiða til fólksflutninga, sendibifreiða eða kennslubifreiða, skal einungis innheimta 25% innflutningsgjald. Af bifreiðum sömu aðila sem hafa slíkan akstur að aukastarfi skal við tollafgreiðslu einungis innheimta 38% innflutningsgjald.

Um eftirgjöf og eftirstöðvar innflutningsgjalds af bifreiðum þessara aðila skal í framkvæmd farið eftir reglum ráðuneytisins um eftirgjöf á tolli skv. 41. tl. 3. gr. tollskrárlaga eftir því sem við á.

4. gr.

Innflutningsgjald af ökutækjum sem skv. 14. gr. tollskrárlaga hafa verið tekin til tollmeðferðar fyrir birtingu reglugerðar þessarar skal innheimt samkvæmt eldri reglugerð nr. 119/1976, enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað innan 10 daga frá gjaldistöku laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 16. gr., sbr. 35. gr. laga nr. 4/1960 um efnahagsmál, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 119/1976 um sama efni og reglugerð nr. 245/1976 um breytingu á henni.

Fjármálaráðuneytið, 31. desember 1976.

Matthías Á. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um sérstakt tímabundið vörugjald nr. 121/1975.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:
Greidda skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald:

1. Af tollverði innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum.
2. Af verksmiðjuverði innlendarar framleiðsluvöru og innfluttrar vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi.
Gjaldið skal vera 18% til 31. desember 1977.

2. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gjald skv. 1. gr. er innheimt við tollafgreiðslu við innflutning á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum: